



Reykjavík, 9. október
PON25050015

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja þróun á verkefninu Þjónusta SFS 0-6 ára

Á fundi stafræns ráðs þann 8. október var lögð fram heimildarbeiðni dags. 25.september um að hefja þróun á verkefninu Þjónusta SFS 0-6 ára, ásamt fylgigögnum sbr. 5. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi og vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Reykjavík, 25. september 2025
PON25050015

Efni: Heimild til að hefja þróun á verkefninu Þjónusta SFS 0-6 ára

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði í samstarfi við skóla- og frístundasvið að hefja þróun á verkefninu Þjónusta SFS 0-6 ára.

Markmið verkefnisins er að gera umsóknareyðublöð sem tengjast starfi dagforeldra rafræn. Lagt er til að tvö eyðublöð verði færð yfir í rafrænt form til að einfalda ferli, bæta þjónustu við dagforeldra og forsjáraðila og spara tíma allra sem að því koma.

Þjónustuhönnuður á þjónustu- og nýsköpunarsviði framkvæmdi ítarlega greiningu á eyðublöðunum og ferlunum og forsendur verkefnisins voru aðlagðar eftir þeirri greiningu.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80014 vöruþróun og stafvæðing ferla.

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá desember 2025 til mars 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 9,5 m.kr., þar af tilheyra 9,5 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum. Hér er um að ræða blöndu af innri kostnaði og innkaupum, en Mínnar síður teymið sem framkvæmir vinnuna samanstendur af bæði starfsfólki Reykjavíkurborgar og verktökum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Reykjavík, 25. September 2025

PON25050015

Greinargerð:

Í þjónustu Reykjavíkurborgar við dagforeldra eru enn notast við eyðublöð á pappír sem krefjast undirskriftar forsjáraðila og afhendingar til daggæslufulltrúa. Slík eyðublöð eru bæði tímafrek og óáreiðanleg, auk þess sem þau auka hættu á villum. Einnig er ferli tengt niðurgreiðslu Reykjavíkurborgar til dagforeldra óskýrt.

Markmið verkefnisins eru:

- Að bæta þjónustu við dagforeldra og forsjáraðila barna sem nýta þjónustu þeirra.
- Að gera umsóknir aðgengilegar á stafrænu formi og þar með spara tíma allra aðila sem koma að ferlinu.
- Að styrkja starfsstétt dagforeldra.

Verkefnið var kynnt fyrir verkefnaráði þjónustu- og nýsköpunarsviðs þann 3. október 2024 þar sem kom fram að þörf var á greiningu frá þjónustuhönnuði áður en ráðist yrði í verkefnið. Verkefnið var upphaflega um fimm umsóknareyðublöð tengdum starfsstétt dagforeldra. eftir ítarlega greiningu þjónustuhönnuðar kom í ljós að raunhæft væri að stafvæða tvær umsóknir á Mínum síðum Reykjavíkurborgar sem tengjast dagforeldrum. Upphaflega var gert ráð fyrir að stafvæða þrjár aðrar umsóknir sem tengjast því að hefja starfsemi sem dagforeldri. Þar sem aðeins berst að jafnaði ein slík umsókn á ári þótti það hins vegar ekki fýsilegt. Að auki myndu þær umsóknirnar fela í sér flóknar tengingar, meðal annars við heilbrigðiseftirlitið, sem gerir það enn síður raunhæft að stafvæða þær að svo stöddu.

Þær tvær umsóknir sem raunhæft og mikilvægt er að stafvæða eru:

1. Þjónustusamningur dagforeldris og forsjáraðila
2. Uppsögn eða breyting á þjónustusamningi

Hönnun liggur nú fyrir og verkefnið er tilbúið í þróun hjá þróunarteyminu sem heldur utan um Mínar síður.

Ábati af verkefninu felst fyrst og fremst í því að styrkja starfsstétt dagforeldra og einfalda ferli fyrir dagforeldra, daggæslufulltrúa og forsjáraðila barna sem nýta þjónustu dagforeldra.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 9.520.000 m.kr. Kostnaðurinn felst í vinnu þróunarteymis Minna síðna Reykjavíkurborgar við að setja upp tvær umsóknir á mínum síðum með viðeigandi tengingum og reikniformúlu.

Kostnaðarstaður: 2102. Verkefnaklasi er 80014 vöruþróun og stafvæðing ferla. Verkbeiðnanúmer er 265633. Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
Skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga



Reykjavík



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (8.10.2025)

Verkefnaráðsfundur: 11.09.2025

Þjónusta SFS 0-6 ára

Samantekt:

Markmið verkefnisins er að gera umsóknareyðublöð sem tengjast starfi dagforeldra rafrænt. Lagt er til að tvö eyðublöð verði færð yfir í rafrænt form til að einfalda ferli, bæta þjónustu við dagforeldra og fjorsjáraðila og spara tíma allra sem að því koma. Þjónustuhönnuður á þjónustu- og nýsköpunarsviði framkvæmdi ítarlega greiningu á eyðublöðunum og ferlunum og forsendur verkefnisins voru aðlagðar eftir þeirri greiningu.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 9,52 m.kr.

Áætluð tímalengd verkefnis: 4 mán

Skor í Fylki frá verkefnaráði PON: 3,00

Ábati 33%: 3

Helsti ábati verkefnisins er skilvirkari þjónustuveiting með því að gera umsóknir aðgengilegar á stafrænu formi og þannig spara tíma allra aðila sem koma að ferlinu.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 3

Verkefnið felur í sér að færa gögn yfir á stafrænt form og þannig einfalda upplýsingatækniinnviði.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 3

Hefur jákvæð áhrif á lítinn hóp innan og utan Reykjavíkurborgar.

Lagalegar kröfur – Nei

Dæmi: Lagaleg krafa er ekki til staðar.

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Minnisblað fyrir verkefnaráð

Reykjavík, 03.09.2025
PON25050015

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Verkefnaráð PON

Verkefni: Þjónusta SFS 0-6 ára

Efni minnisblaðs: Breyttar forsendur

Um verkefnið:

Verkefnið „Þjónusta SFS 0–6 ára“ var kynnt fyrir verkefnaráði þann 3. október 2024 og hlaut samþykki fyrir fjárveitingu að upphæð **12.240.000 kr.**

Í þjónustu Reykjavíkurborgar við dagforeldra eru enn eyðublöð á pappír sem þarf að fá undirskrift foreldra á og skila inn til daggæslufulltrúa. Þessi eyðublöð eru tímafrek en aðallega eru þau óáreiðanleg og bjóða upp á villuhættu. Þá er ferli tengt niðurgreiðslu Reykjavíkurborgar til dagforeldra einnig óskýrt.

Markmið verkefnisins eru:

- Að bæta þjónustu við dagforeldra og forsjáraðila barna sem nýta þjónustu þeirra.
- Að gera umsóknir aðgengilegar á stafrænu formi og þar með spara tíma allra aðila sem koma að ferlinu.
- Að styrkja starfsstétt dagforeldra.

Breyttar forsendur eftir greiningu

Upphaflega var gert ráð fyrir að fimm umsóknareyðublöð yrðu færð yfir í stafrænt form. Í kjölfar ítarlegrar greiningar þjónustuhönnuðar kom þó í ljós að raunhæft væri að stafvæða tvær umsóknir á Mínum síðum sem tengjast dagforeldrum:

- Þjónustusamningur
- Uppsögn eða breyting á þjónustusamningi

Hönnun liggur nú fyrir og verkefnið er tilbúið í þróun hjá þróunarteyminu sem heldur utan um Mínar síður. Laun hönnuðar hafa nú þegar fallið á verkefnið, en heimildarbeiðni fyrir verkefnið á eftir að fara fyrir stafrænt ráð og borgarráð.



Kostnaðaráætlun

Samkvæmt nýrri kostnaðargreiningu nemur **áætlaður heildarkostnaður 9.520.000 kr.**
Er það því lækkun á áætluðum kostnaði um 2.720.000 kr.

Óskað er eftir samþykki verkefnaráðs til þess að fara áfram með heimildabeiðni

Halla María Ólafsdóttir, stafrænn leiðtogi SFS og
Bryndís Eir Kristinsdóttir teymisstjóri vörustjóra í þróun
Þjónustu- og nýsköpunarsvið
Stafræn Reykjavík



Þjónusta SFS 0-6 ára

Eigandi: Elísabet Helga Pálmadóttir
Skóla- og frístundasvið

Þarfagreining

Eyðublöð sem tengd eru dagforeldrum og forsjáraðilum barna sem nýta þjónustu þeirra er enn á pappír.

Mikilvægt er að færa slík eyðublöð yfir á rafrænt form til að einfalda ferlið, bæta þjónustu við dagforeldra og forsjáraðila og spara tíma allra sem að því koma.

Áskorun

- Umsóknir dagforeldra eru á pappír og krefjast undirskrifa og afhendingar til daggæslufulltrúa.
- Ferlið er tímafrekt og óáreiðanlegt.
- Upphaflega var hugmyndin að stafvæða fimm eyðublöð, en sum eru sjaldan notuð eða of flókin til að stafvæðing sé raunhæf að svo stöddu.

Markmið

- Að stafvæða umsóknir tengdar dagforeldrum.
- Að bæta þjónustu við dagforeldra og forsjáraðila barna.
- Að styrkja starfsstétt dagforeldra.
- Að hefja þróun tveggja lykilumsókna á Mínum síðum Reykjavíkurborgar.

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Einfaldara og skilvirkara ferli fyrir dagforeldra, foreldra og daggæslufulltrúa.
- Styrkir starfsstétt dagforeldra

Tímalína

Desember 2025 – mars 2026

Kostnaður

Heildarkostnaður 9,520,000 m. kr.
Eignasjóður 9,520,000 m. kr.

Innkaup

- Mínar síður þróunarteymi Reykjavíkurborgar samanstendur af bæði starfsfólki Reykjavíkurborgar og verktökum.

Vörustjóri: Bryndís Eir Kristinsdóttir
Verkefnateymi: Mínar síður þróunarteymi
Stafrænn leiðtogi: Halla María Ólafsdóttir

Þjónusta SFS 0-6 ára

Nöfn umsjónaraðila.

Halla María Ólafsdóttir, ÞON

Bryndís Eir Kristinsdóttir, ÞON

03/10/2024

ÞON



Í hnotskurn:

Þjónusta SFS 0-6 ára miðar að því að gera umsóknir og eyðublöð sem varða dagforeldra og forsjáraðila barna sem nýta þjónustuna aðgengilegri á stafrænu formi. Enn þann dag í dag eru umsóknir, beiðnir og samningar sem tengjast dagforeldra starfsstéttinni á pappír. Þetta veldur óáreiðanleika gagna Reykjavíkurborgar og skilar sér í lengri boðleiðum.

Umsóknir dagforeldra til þess að hefja starfsemi eru á pappír og eru því ekki í takt við áætlanir núverandi borgarstjórnar sem miða að því að styrkja dagforeldra starfstéttina.

Það sama á við um þjónustusamning dagforeldra við Reykjavíkurborg, beiðni forsjáraðila um niðurgreiðslur til dagforeldris og umsókn um greiðslu fyrir neyðarhnapp dagforeldris.

Allt eru þetta eyðublöð sem mikilvægt er að koma á stafrænt form.



Ákvörðun Verkefnaráðs

- **Óskað er eftir því að fá að hefja vinnu við að koma eftirfarandi eyðublöðum á stafrænt form:**
 - Umsókn um stofnstyrk vegna daggæslu barna í heimahúsi
 - Þjónustusamningur dagforeldra við Reykjavíkurborg
 - Beiðni forsjáraðila um niðurgreiðslur til dagforeldris vegna barns sem hættir fyrr.
 - Umsókn um greiðslu fyrir neyðarhnapp dagforeldris
 - Umsókn um starfssemi daggæslu í öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.
- **Óskum eftir verkefnastjóra/þjónustuhönnuði í 50% stöðu í 8 vikur**
- **Óskum eftir að komast að hjá Mínum síðum**
- **Óskum eftir fjármagni: 12,2 mkr**

Áskorun:

Gera eyðublöð og umsóknir vegna þjónustu við yngstu börnin aðgengileg með rafrænum hætti í gegnum Mínar síður.

Núverandi staða

- Margar umsóknir og eyðublöð á pappír
- Óþarflega flókið ferli að gerast dagforeldri

Lausn

- Fjölga umsóknum og eyðublöðum á Mínum síðum, skilvirkari þjónusta.
- Þjónustan snertir dagforeldra, forsjáraðila og starfsfólk SFS sem þjónustar dagforeldra.


Ávinningur

- Einfaldara og aðgengilegra ferli við að öðlast starfsréttindi sem dagforeldri.
- Styður við sáttmála borgarstjórnar um styrkingu dagforeldrakerfisins.

Lausn og ábati:

Verkefninu er ætlað að **bæta þjónustu við dagforeldra og forsjáraðila barna sem nýta þjónustu dagforeldra**. Með því að gera umsóknir aðgengilegar á stafrænt form **sparast tími en verkefnið er liður í því að styrkja starfstétt dagforeldra** með því að gera þeim kleift að sækja um sem dagforeldri á aðgengilegan og einfaldan máta.

Verkefnið snýr einnig að því að **bæta þjónustu við forsjáraðila** með því að gera ferlið þegar óskað er eftir niðurgreiðslu rafrænt.



Hvað er búið að gera:

Dæmi:

- Áskorunarrámmi
- Fyrsta forgreining á umsóknarferli
- Kostnaðaráætlun
- Tímaáætlun
- Ábatamat
- Jafnréttisskimun

[illegible]

"Þjónusta SFS 0-6 ára"

Dagsetning
03.10.2024

Svið/skrifstofa
SFS

Tegund
Vefverkefni
Umbreyting
Rekstur
Gagnaverkefni

Þátttakendur
Dísa, Öli, Linda Björk, Helga,
Elísabet Helga, Bryndís og
Halla María

Hver er áskorunin?

Fyrsti fasi verkefnisins "Þjónusta SFS 0-6 ára" miðar að því að gera umsóknir og eyðublað sem varða dagforeldra og forsjáraðila barna sem nýta þjónustuna aðgengilegri á stafrænu formi.

Nánari lýsing

Svarið eftirfarandi spurningum:

- Hver er staðan í dag? Mörg eyðublað á pappír sem þarf að skanna inn og senda á viðeigandi aðila. Mínar síður lítið notaðar fyrir þennan hóp.
- Hvað hefur gerst? Umsóknarferlið í leikskóla fór í gegnum umbreytingarferli í Gróðurhósinu. Ekki var hægt að klára allar tillögur að lausnum þar meðal annars af því að Advania (nú InfoMentor) á eftir að skila okkur gögnum með öruggum hætti. Unnið er að því að fá "Gögnin heim" sem eykur möguleika á frekari þróun á umsókn. Leikskólareitirnir (vers 0.1) var þróaður sem leið b) þar sem ekki var hægt að setja umsókn um leikskóla á Mínar síður.
- Hvaða lausnir eru í notkun? Flestar umsóknirnar eru á vef borgarinnar þar sem þarf að prenta út og skila á marga mismunandi staði.
- Hvað gerist ef við gerum ekki neitt? SFS lendir í tækniskuld, færri nýir dagforeldrar og starfsstétt dagforeldra situr á hakanum.
- Hvern hefur þetta áhrif á? Starfsfólk SFS á skrifstofu, daggæsluráðgjafa, dagforeldra, foreldra/forsjáraðila
- Áhrif á önnur verkefni? Nei
- Er einhver framtíðarsýn tengd verkefninu? Þjónusta SFS 0-6 ára, skráning og uppsögn hjá dagforeldrum og í leikskóla á Mínum síðum.

Markmið

Eru einhver skýr mælanleg markmið?

Markmiðið með verkefninu er að koma umsóknum og eyðublaðum á stafrænt form til þess bæta þjónustu Reykjavíkurborgar til dagforeldra og foreldra og forsjáraðila.

Draumastaða

Er einhver draumasýn á hvernig verkefnið lítur út í lokin? Allar umsóknir og eyðublað varðandi börn 0-6 ára á stafrænt form, samstarf við Mínar síður þar sem það á við, Mínar síður fróntur á umsóknir í leikskóla (Vala áfram á bakvið) og til dagforeldra.

Hagaðilar

Merkið inn á hogaðilakortið.

Hverjir eru:

- Ómissandi: Skrifstofa SFS, Mínar síður, Dagforeldrar, daggæsluráðgjafar.
- Mikilvægir: leikskólastjórar, foreldrar.
- Athyglisverðir: önnur sveitarfélög.

Eigandi

Hver er eigandi? - Elísabet Helga Pálmadóttir fagstjóri í Suðurmíðstöð.

Notendur

Hverjir eru notendur lausnarrinnar? Starfsfólk skrifstofu SFS, daggæsluráðgjafar, dagforeldrar, foreldrar.
Hversu margir eru notendurnir? ðvíst

Tímarammi

Verkefni á að vera lokið um miðjan Q2 2025.

Stefna

Hvaða stefnu tengist verkefnið? eða laga- og reglugerðarbreytingar? Menntastefna Reykjavíkur. Stafræn stefna Reykjavíkur. Þjónustustefna Reykjavíkur, reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum og farsældarlögin.

Stærð / Umfang



Fjármagn

Hver fjármagnar verkefnið? Er það fjármagnað af PON eða einhverjum öðrum? PON

Setja frekar inn
sem viðhengi á
spjaldi verkefnis


Kostnaður og ábatamat

Sjá kostnað og tíma
betur á næstu tveimur
glærum

Kostnaður og tími

Dagforeldraumsóknir						
Áætlaður kostnaður						
Starfsfólk	Q1			Q2		
	jan	feb	mar	apr	maí	jún
Hverfasjá						
Verkefnastjóri	720.000	720.000				1.440.000
Vörustjóri Minar síður	360.000	360.000	360.000	360.000	360.000	1.800.000
Team lead Minar síður	360.000	360.000	360.000	360.000	360.000	1.800.000
Hönnuður Minar síður	1.440.000					1.440.000
Framendaforritari Minar síður	720.000	720.000	720.000	720.000	720.000	3.600.000
Bakendaforritari Minar síður	720.000	720.000	720.000	720.000	720.000	3.600.000
Textasmiður			360.000			360.000
Samtals 2025						14.040.000

Dagforeldraumsóknir á
Minum síðum



Ábatamat

- Helsti ábati verkefnisins snýr að því að einfalda ferlið við að gerast dagforeldri – en það er í takt við sáttmála Borgarstjórnar um styrkingu dagforeldrakerfisins.
- Athugið að önnur verkefni sem liggja fyrir á SFS og hafa hærri forgang gætu komið inn

Kostnaður x m.kr.

12,2 mkr

Tími x vikur

20 vikur


Sparnaður x m.kr.

Tímalína:

Gerum ráð fyrir 5 mánaða verkefnatíma og verður unnið að greiningum að þessum fimm umsóknum í einum spretti. Hönnun verður einnig í einum spretti. Gert er ráð fyrir að ljúka verkefninu 30. maí 2025.

Dagforeldraumsóknir á Mínum síðum

Tímaáætlun 2025



Áætlaður Kostnaður

A	B	C	D	E	F	G	H
Dagforeldraumsóknir							
Áætlaður kostnaður	Q1			Q2			
Starfsfólk	jan	feb	mar	apr	maí	jún	
Hverfasjá							
Verkefnastjóri	720.000	720.000					1.440.000
Vörustjóri Mínar síður	180.000	180.000	180.000	180.000	180.000		900.000
Team lead Mínar síður	180.000	180.000	180.000	180.000	180.000		900.000
Hönnuður Mínar síður	1.440.000						1.440.000
Framendaforritari Mínar síður	720.000	720.000	720.000	720.000	720.000		3.600.000
Bakendaforritari Mínar síður	720.000	720.000	720.000	720.000	720.000		3.600.000
Prófari Mínar síður			360.000	360.000	360.000		
Textasmiður			360.000				360.000
						Samtals 2025	12.240.000

Næstu skref:

- Kortlagning núverandi þjónustu með verkefnastjóra/þjónustuhönnuði
- Hönnunarsprettur
- Greiningarfundur með vörustjóra og teymisstjóra Minna síðna
- Bakenda og framendaforritun






Kostnaður og ábatamat

Kostnaður og tími

Dagforeldraumsóknir							
Áætlaður kostnaður							
	Q1			Q2			
Starfsfólk	jan	feb	mar	apr	maí	jún	
Hverfisjía							
Verkefnastjóri	720.000	720.000					1.440.000
Vörustjóri Minar síður	360.000	360.000	360.000	360.000	360.000		1.800.000
Team lead Minar síður	360.000	360.000	360.000	360.000	360.000		1.800.000
Hönnuður Minar síður	1.440.000						1.440.000
Framendaforritari Minar síður	720.000	720.000	720.000	720.000	720.000		3.600.000
Bakendaforritari Minar síður	720.000	720.000	720.000	720.000	720.000		3.600.000
Textasmíður			360.000				360.000
						Samtals 2025	14.040.000

Dagforeldraumsóknir á
Mínum síðum

Tímaáætlun 2025



Kostnaður x m.kr. 12,2 mkr
Tími x vikur 20 vikur

Ábatamat

- Helsti ábati verkefnisins snýr að því að einfalda ferlið við að gerast dagforeldri – en það er í takt við sáttmála Borgarstjórnar um styrkingu dagforeldrakerfisins.
- Athugið að önnur verkefni sem liggja fyrir á SFS og hafa hærri forgang gætu komið inn

Sparnaður x m.kr. _____

Áætlaður Kostnaður

A	B	C	D	E	F	G	H
Dagforeldraumsóknir							
Áætlaður kostnaður	Q1			Q2			
Starfsfólk	jan	feb	mar	apr	maí	jún	
Hverfasjá							
Verkefnastjóri	720.000	720.000					1.440.000
Vörustjóri Mínar síður	180.000	180.000	180.000	180.000	180.000		900.000
Team lead Mínar síður	180.000	180.000	180.000	180.000	180.000		900.000
Hönnuður Mínar síður	1.440.000						1.440.000
Framendaforritari Mínar síður	720.000	720.000	720.000	720.000	720.000		3.600.000
Bakendaforritari Mínar síður	720.000	720.000	720.000	720.000	720.000		3.600.000
Prófari Mínar síður			360.000	360.000	360.000		
Textasmiður			360.000				360.000
						Samtals 2025	12.240.000